



Heilbrigðisráðuneytið  
b.t. Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Erindi þetta er sent með tölvupósti á  
eftirfarandi netfang: [hrn@hrn.is](mailto:hrn@hrn.is)

Akranesi, 26. mars 2020  
2003185 SFP/msk

### Efni: Blóðskilun - heilbrigðisþjónusta í heimabyggð

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 24. mars var m.a. fjallað um beiðni velferðar- og mannréttindaráðs Akraness sem óskaði eftir að bæjarstjórn Akraness beitti sér fyrir því að heilbrigðisyrivöld byggi upp bættu heilbrigðisþjónustu á Akranesi með uppsetningu á blóðskilunarvél á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Bæjarstjórn Akraness bókaði svohljóðandi:

*Bæjarstjórn Akraness ítrekar ósk sína frá 2017 til heilbrigðisráðherra um að byggð verði upp bætt heilbrigðisþjónusta á Akranesi og nágrenni með uppsetningu á blóðskilunarvél á Heilbrigðisstofnum Vesturlands á Akranesi (HVE).*

*Bæjarstjórn Akraness vekur athygli heilbrigðisráðherra á að jafnræðis er ekki gætt í heilbrigðisþjónustu við íbúa á þjónustusvæði HVE sem þurfa að fara í blóðskilun til höfuðborgarsvæðisins og íbúa sem njóta þjónustu heilbrigðisstofnana á stór-Reykjavíkursvæðinu og geta sótt þjónustuna í nærumhverfi sínu. Sjúklingar í þessari stöðu á Akranesi og nágrenni eru háðir aðstoð sinna nánustu eða e.a. frá sveitarfélaginu því meðferð af þessum toga, sem er þeim lífss nauðsynleg, getur tekið allt að 6 til 7 klst. í senn í nokkur skipti í viku hverri og eiga viðkomandi eðli máls samkvæmt ekki kost á að nýta almenningsamgöngur eða keyra eigin bíl. Allar forsendur eru til staðar við HVE á Akranesi til að taka upp þessa þjónustu og sem kunnugt er býr stofnunin yfir miklum mannaúð og vilja og hefur veitt öflugra heilbrigðisþjónustu á öllu Vesturlandi. HVE er tilbúið að taka við auknum verkefnum og áskorunum eins og raun ber vitni með tilvísun í samþykkt heilbrigðisráðherra frá því í október 2019 um að gera sjúkrahúsið á Akranesi að miðstöð liðskiptaaðgerða á mjöðmum og hnjám.*

Hjálagt er bréf til nánari skýringar sem og einnig er vísað til erindis sem barst frá HVE í febrúar 2017.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

  
AKRANES

Sævar Freyr Práinsson

bæjarstjóri



**Efni: Jafnræði íbúa til heilbrigðisþjónustu - vöntun á blóðskilavél á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi**

Akraneskaupstaður og framkvæmdarstjóri lækninga og rekstrar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi vöktu athygli og hvöttu heilbrigðisráðherra til aðgerða með bréfi árið 2017 vegna á stöðu nýrnasjúklinga á Akranesi sem háðir voru blóðskilunarvél.

Bæjaryfirvöld á Akranesi og forsvarsmenn heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi (HVE) fóru fram á og óskuðu eftir að blóðskilunarvél yrði sett upp á Akranesi til að tryggja sjúklingum í þessari stöðu örugga meðferð, jafnræðis til heilbrigðisþjónustu og bætt lífsgæði. Óásættanlegt væri með öllu að sjúklingar væru settir í þá stöðu að þurfa að leita á náðir ættingja um 18-21 klukkustunda vinnuframlag í viku hverri vegna aksturs og fylgdar til lækninga meðferðar. Eðli máls samkvæmt geta sjúklingar í þessari stöðu ekki nýtt sér almenningssamgöngur eða ekið bifreið og eru því háðir aðstoð ættingja og e.a. stuðnings frá sveitarfélaginu samkvæmt sérstakri ákvörðun sem er umfram lagaskyldu sveitarfélagsins vegna þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins að veita.

Bæjarstjórn vekur jafnframt athygli á að jafnræðis er ekki gætt í heilbrigðisþjónustu við íbúa á þjónustusvæði HVE annars vegar sem þurfa að fara í blóðskilun og íbúa sem njóta þjónustu heilbrigðisstofnana á stór-Reykjavíkarsvæðinu. Blóðskilunarvél hefur til að mynda verið sett upp á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, í starfsstöðinni í Árborg en fjarlægðir frá Árborg til Landsspítalans og frá Akranesi til Landsspítalans eru sambærilegar.

HVE býr sem kunnugt er yfir miklum mannauð og hefur veitt öfluga heilbrigðisþjónustu á öllu Vesturlandi. HVE er tilbúið að taka við auknum verkefnum og áskorunum eins og raun ber vitni með tilvísun í samþykkt heilbrigðisráðherra frá því í október 2019 um að gera sjúkrahúsið á Akranesi að miðstöð liðskiptaaðgerða á mjöðmum og hjám.

Til að blóðskilun geti farið fram á hjá HVE þarf fernt til að blóðskilun geti farið fram á Akranesi:

**1. Vélakostur.**

Samkvæmt upplýsingum Akraneskaupstaðar er tækjakosturinn þegar til í landinu og alveg eins hægt að staðsetja hann hjá HVE.

**2. Húsnæðisaðstaða.**

Samkvæmt upplýsingum Akraneskaupstaðar er HVE þegar með hugmyndir um hvernig unnt er að tryggja þennan þátt.

**3. Nauðsynleg þjálfun starfsfólks.**

Samkvæmt upplýsingum Akraneskaupstaðar er HVE þegar með hugmyndir um hvernig unnt er að tryggja þennan þátt.

**4. Fjármagn**

Þessi þáttur er á forræði heilbrigðisráðherra að vinna með og Akraneskaupstaður hefur fulla trú á elju og styrk núverandi ráðherra til að ná þessu fram.

Bæjaryfirvöld á Akranesi ítreka beiðni sína til heilbrigðisráðherra að byggja upp bætt heilbrigðisþjónustu á Akranesi og nágrenni með uppsetningu á blóðskilunarvél. Akranes er ört stækkandi sveitarfélag og í byggingu er fjöldinn allur af íbúðum sbr. húsnæðisáætlun sveitarfélagsins og því viðbúið að þörf fyrir heilbrigðisþjónustu af ýmsum toga aukist.